


Ársskýrsla | 2007



Einkaleyfastofan

Efnisyfirlit:

I. Yfirlit yfir starfsemi Einkaleyfastofunnar

Yfirlit yfir starfsemi Einkaleyfastofunnar	3
Breytingar á starfsemi - Flutningar	5
Nýtt ráðuneyti	6
Skipurit	7
Laga- og reglugerðarbreytingar	8
Einkaleyfi	10
Vörumerki	12
Hönnun	13
Faggilding	14
Starfsmannamál	15
Endurmenntun	16
Gæðastjórnun	16
Tækni- og hugbúnaðarmál	16
Vefumsjónarkerfi og vefsíða	17
Rafræn skjalastjórnun	17
Skönnun skjala vegna einkaleyfagagnabanka	17
Önnur verkefni	18
Fræðslu- og kynningarstarfsemi	18
Erlent samstarf	19
Samstarf við EPO	19
Annað Evrópusamstarf	20
Norrænt samstarf	20
NPI	21
WIPO	22
Önnur verkefni og atburðir á árinu	23
Uppúr skúffunum	23
ISNIC	24

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar	24
Ársreikningur	24
Samanburður og skýringar á helstu frávikum	24

I. Yfirlit yfir starfsemi Einkaleyfastofunnar



Ásta Valdimarsdóttir
forstjóri ELS

Þegar litið er til baka og metið hvað setti helst svip á árið 2007 í starfsemi Einkaleyfastofunnar eru flutningar í nýtt húsnæði óneitanlega ofarlega í huga. Gengið var frá samningum um kaup á fasteigninni að Engjateigi 3 á árinu 2006 en flutningarnir fóru fram í apríl 2007. Fyrstu mánuði ársins var lögð talsverð vinna í að skipuleggja nýja húsnæðið. Flutningarnir sem voru mjög vel skipulagðir gengu afar vel. Starfsmenn tóku þessari röskun og aukaálagi með jafnaðargeði og lögðust allir á eitt við að koma öllu í samt horf á sem skemmstum tíma. Nýja húsnæðið er afar vel heppnað, bjart og rúmgott og mjög vel staðsett í borginni.

Auk flutninganna var ýmsum viðamiklum verkefnum ýtt úr vör sem munu breyta miklu í starfsemi stofnunarinnar. Þau helstu eru innleiðing gæðakerfis og rafræns skjalakerfis. Slík verkefni krefjast mikillar undirbúnings- og skipulagsvinnu en kalla ennfremur á nokkuð breytt verklag hjá öllum starfsmönnum. Það getur verið tafsaamt að innleiða slík kerfi og þá er afar mikilvægt að ljóst sé að hverju sé stefnt og hvað ávinnist með breytingunum. Gæðakerfi og rafænt skjalakerfi eru tæki sem án nokkurs vafa koma til með að nýtast ákaflega vel og munu þykja ómissandi innan skamms.

Í september tók nýtt skipurit gildi. Stofnuð voru þrjú ný stoðsvið sem annast rekstur, lögfræði og gæðamál. Stoðsviðin þjónusta og vinna með fagsviðum sem eru einkaleyfasvið, faggildingarsvið og vörumerkja- og hönnunarsvið. Með þessari breytingu er stefnt að meiri samræmingu innan stofnunarinnar sem m.a. var talið æskilegt þegar hafist var handa við undirbúning að innleiðingu rafræns skjalakerfis og gæðakerfis.

Starfsmannavelta var meiri á þessu ári en undanfarin ár. Fimm starfsmenn hættu störfum og voru flestir þeirra með talsverða starfsreynslu hjá stofnuninni. Á lítilli stofnun sem þessari getur slíkt verið erfitt en hins vegar er einnig jákvætt að nokkur endurnýjun eigi sér stað sem leitt getur af sér nýja sýn og breytingar til umbóta.

Á alþjóðavettvangi var ýmislegt markvert á árinu, en það sem stendur upp úr var undirbúningur að Nordic Patent Institute (NPI). Allt frá áramótum var unnið af miklum eldmóð við að skrifa reglur og verkferla, samræma framkvæmd o.s.frv. Af okkar hálfu komu fimm starfsmenn að þessari vinnu, en frá Danmörku og Noregi um 30 starfsmenn. Samstarfið gekk afar vel og telja verður vel af sér vikið að ná að ganga frá öllum lausum endum fyrir lok ársins. Það tókst - undirritaðir voru nauðsynlegir samningar, annars vegar milli NPI og Alþjóðahugverkastofnunarinnar og hins vegar milli NPI og Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar. Allt var því reiðubúið fyrir opnun stofnunarinnar í árslok.

Þegar höfð er í huga gífurleg fjölgun einkaleyfisumsókna og sífellt lengri meðhöndlunartími umsókna hjá helstu einkaleyfastofnunum í heiminum er ljóst að breytinga er þörf. Notkun alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skv. PCT – samningnum mun væntanlega halda áfram að aukast og mikilvægi PCT rannsóknastofnana samhliða því. Aðild okkar að NPI getur því, að mínu mati, reynst afar mikilvæg þegar fram líða stundir og mun vonandi nýtast vel þeim Íslendingum sem sækjast eftir alþjóðlegri einkaleyfisvernd.

Reykjavík, júlí 2008

Ásta Valdimarsdóttir

Breytingar á starfsemi - Flutningar

Á síðari hluta ársins 2006 var tekin sú ákvörðun að selja fyrirtækinu Eykt ehf. fasteign stofnunarinnar að Skúlagötu 63 og kaupa í þess stað af þeim nýuppgerð húsnæði að Engjateigi 3. Voru makaskiptasamningar þess efnis undirritaðir í lok ársins 2006.



Starfsfólk Einkaleyfastofunnar af tilefni opunar að Engjateigi 3.

Fyrri helmingur ársins 2007 á stofnuninni bar mikinn keim af þessari ákvörðun. Undirbúningur fyrir flutningana hóst í byrjun árs og skipulega var unnið að því að grisja gögn um leið og pakkað var.

Forstjóri stofnunarinnar og lögfræðingur einkaleyfedeildar höfðu ásamt fulltrúa Framkvæmdasýslu ríkisins umsjón með hönnun og breytingum á nýja húsnæðinu. Framkvæmdir voru í höndum seljanda hússins og arkitektar frá Glámu Kím sáu um hönnun. Skipulag og aðbúnaður var sérsniðinn að þörfum stofnunarinnar og hentar húsnæðið því afar vel, auk þess sem hönnun tókst prýðisvel. Flutningarnir fóru svo fram síðari hluta aprílmánaðar og var opnað formlega í nýju húsnæði 23. apríl.

Í tilefni flutninganna var helstu viðskiptavinum, verktökum og iðnaðarmönnum sem unnu að endurbótum húsnæðisins og ýmsum öðrum sem koma að rekstri stofnunarinnar boðið til móttöku til að skoða nýja húsnæðið. Meðal gesta var Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, Gunnar Valur Gíslason, forstjóri Eyktar ehf. o.fl.



Af tilefni opunar að Engjateigi 3, Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, Magnús Ragnarsson frá Eykt ehf., Hjörleifur Þórðarson frá Ljósblík ehf. og Gunnar Valur Gíslason, forstjóri Eyktar ehf.

Nýtt ráðuneyti


Á haustmánuðum var unnið að verkaskiptingu milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Ákveðið var að Einkaleyfastofan flyttist til viðskiptaráðuneytis og voru lög er kveða á um þá breytingu samþykkt í desember, sbr. lög nr. 167/2007 um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Með þeim lögum var breytt ákvæðum í lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um hönnun nr. 46/2001, lögum um félagamerki nr. 155/2002 og sveitastjórnarlögum nr. 45/1998. Breytingarnar tóku til ákvæða er tilgreindu iðnaðarráðherra eða iðnaðarráðuneyti. Vörumerkjalögum var ekki breytt þar sem lögin tilgreina einungis „ráðherra“ og ekki þurfti að breyta lögum um faggildingu þar sem faggilding heyrði þegar undir viðskiptaráðherra.



Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Ásta Valdimarsdóttir forstjóri ELS

Skipurit

Þann 1. september tók gildi nýtt skipurit hjá stofnuninni. Í nýja skipuritinu eru sex svið. Þrjú fagsvið, þ.e. einkaleyfasvið, vörumerkja- og hönnunarsvið og faggildingarsvið og þrjú stoðsvið sem eru rekstrarsvið, lagasvið og gæðasvið. Stoðsviðum er ætlað að þjónusta fagsviðin og liggja þeirra störf því þvert á fagsviðin. Með þessari breytingu er m.a. ætlunin að ná fram meiri samræmingu milli fagsviða varðandi rekstrarmál. Á rekstrarsviði starfa fjármálastjóri og netstjóri. Þá er einnig útgáfa ELS-tíðinda og vefsíða á ábyrgð rekstrarsviðs. Gæðasvið/gæðastjóri gegnir mikilvægu hlutverki við þá vinnu sem nú fer fram við gerð verkferla vegna innleiðingar gæðakerfis. Sú vinna er einnig afar mikilvæg til að ná fram sem mestu samræmi milli sviða.



Laga- og reglugerðarbreytingar

1. janúar 2008 tók Nordic Patent Institute (NPI) til starfa. Samhliða því bættist við nýr möguleiki fyrir íslenska umsækjendur sem nýta sér alþjóðlega einkaleyfakerfið, að tilgreina NPI sem alþjóðlega nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnun í alþjóðlegri umsókn sem Einkaleyfastofan veitir viðtöku. Vegna þessa var breyting gerð á auglýsingu um einkaleyfi o.fl. nr. 575/1991, með síðari breytingum. Breytingin tók til ákvæðis 3. og 37. gr. auglýsingarinnar.

Töluverð vinna var lögð í samninga sem tengdust NPI, m.a. samnings um bókun um sérréttindi og friðhelgi fyrir Norrænu einkaleyfastofnunina, sem undirritaður var í október, samnings NPI við Alþjóðahugverkastofnunina og samnings NPI við Evrópsku einkaleyfastofnunina sem undirritaður var í desember.



Fundur NPI á Kirkjubæjarklaustri, Elfa Íshólm Ólafsdóttir, starfsmaður ELS og Christina Aagaard Jensen frá dönsku einkaleyfastofnunni.

Þann 13. desember 2007 tók gildi gerð um endurskoðun evrópska einkaleyfasamningsins frá 29. nóvember 2000, (svonefnt EPC 2000). Með EPC 2000 voru innleiddar ýmsar breytingar, bæði efnislegar og í þeim tilgangi að gera lagaumhverfið sveigjanlegra. Ein af helstu efnislegu breytingunum felur í sér að nú er skýrt kveðið á um heimild til að öðlast einkaleyfi á notkun þekktra efna og efnasambanda til framleiðslu á lyfi til lækninga á sjúkdómum sem ekki var þekkt að efnið gæti verkað á.

Í lögum nr. 53/2004 um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum var tekið tillit til þeirra breytinga sem samþykktar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000. Gildistaka þeirra ákvæða í lögnum var miðuð við gildistöku EPC 2000. Samningurinn tók gildi 13. desember 2007 eins og greint hefur verið frá. Auglýsing nr. 1019/2007 um að samningurinn hefði öðlast gildi var birt í B-deild stjórnartíðinda 7. nóvember 2007. Ákvæði 40. gr. a., 40. gr. b., 1. mgr. 54. gr. og 87. gr. a. laga um einkaleyfi nr. 17/1991, með síðari breytingum, öðluðust því gildi 13. desember 2007.

Vinna við nýja reglugerð Evrópusambandsins um faggildingu og markaðseftirlit hefur sett svip sinn á starfsemi European co-operation for Accreditation (EA) að undanfögnu. Reglugerðin kemur til með að styrkja faggildingu á evrópska efnahagssvæðinu og bæta við verkefnum á faggildingarsviði.

Á árinu var lagt fram frumvarp til laga um mannvirki en þar er að finna ákvæði um faggildingu sem einnig krefjast aukinnar þjónustu faggildingarsviðs. Frumvarpið var ekki afgreitt á löggjafarþinginu.

Auk ofangreinds voru gerðar breytingar á lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, sbr. framangreinda umfjöllun um nýtt ráðuneyti.



Tilbúin í bátana. Hluti starfshóps sem kom að undirbúningi NPI.

Einkaleyfi

Vegna aðildar að EPO árið 2004 hefur dregið mjög úr einkaleyfisumsóknum sem berast beint hingað til lands. Flestir velja að nýta sér evrópska einkaleyfakerfið og öðlast vernd hér á landi með evrópskum einkaleyfum.


Einkaleyfisumsóknir voru 114 á árinu 2007, sem er 70% fækkun miðað við árið á undan. Þar af voru 60 umsóknir frá íslenskum aðilum, sem er fjölgun frá fyrra ári þegar þær voru 41 talsins. Í áætlun var gert ráð fyrir að heildarfjöldi umsókna yrði innan við 100.

Einkaleyfastofunni bárust 50 umsóknir í gegnum PCT-kerfið. Þetta er í samræmi við þær áætlanir sem gerðar voru áður en Ísland gerðist aðili að EPO.


Beiðnir um gildistöku evrópskra einkaleyfa hér á landi voru 71 talsins, en búist er við að þeim fjölgi hratt á komandi árum.

Lagðar voru inn 26 íslenskar PCT-grunnumsóknir sem er svipaður fjöldi og í fyrra.

Umsóknir um einkaleyfi árin 2005-2007



Veitt einkaleyfi árin 2005-2007



Útgefin einkaleyfi voru 138 talsins og hafa aldrei verið fleiri, en 11 þeirra voru veitt til íslenskra aðila.

Í árslok voru 615 einkaleyfi í gildi hér á landi, þar af 74 staðfest EP einkaleyfi.

Ef umsækjandi leggur fram rannsóknarniðurstöðu eða önnur gögn sem leggja má til grundvallar við ákvörðun um útgáfu einkaleyfis, er einkaleyfi að jafnaði gefið út 2-3 mánuðum síðar.

EP-einkaleyfi eru staðfest innan við tveimur mánuðum eftir að beiðni berst ásamt þýðingu og greiðslu.


Málsmeðferðartími er þó í mörgum tilfellum háður viðskiptavinum þar sem langir frestir eru veittir í samræmi við reglur, ef umsóknnum er áfátt.

Ákvarðanir í endurveitingarmálum skv. 72. gr. einkaleyfalaga voru fjórar á árinu, eitt þeirra var vegna tímafresta við yfirfærslu alþjóðlegrar umsóknar en þrjú vörðuðu greiðslu árgjalda. Í lok árs 2007 lágu fyrir hjá lagasviði fjórar óafgreiddar beiðnir um endurveitingu réttinda. Þær beiðnir bárust á seinni hluta ársins.

Engin andmæli bárust á árinu.

Innskönnun á einkaleyfagögnum hófst sumarið 2007 með stuðningi frá EPO. Mikið verk er fyrir höndum að skanna inn öll gögn sem fylgja hverju einkaleyfi en við það unnu sumarstarfsmenn, auk þess sem ráðinn var starfsmaður í hálfstarf í október, eingöngu við innskönnun. Í lok árs var búið að skanna inn einkaleyfi síðustu 10 ára. Nánar er fjallað um innskönnuna í kaflanum tækni- og hugbúnaðarmál.

Útgefin einkaleyfi árið 2007 eftir fagsviðum



Vörumerki


Vörumerkjaumsóknir voru samtals 4636 á árinu 2007, eða 67 umsóknum færri en á fyrra ári. Alþjóðlegar umsóknir voru 3170 og landsbundnar umsóknir 1466. Þar af voru 735 frá aðilum með aðsetur á Íslandi, en það er 19,5% fjölgun frá árinu 2006. Þessa fjölgun má líklega rekja til aukinnar hagsældar í þjóðfélaginu og einnig auknu kynningarstarfi stofnunarinnar. Alþjóðlegum umsóknum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan 2003 en fækkar nú örlítið miðað við árið 2006 eða um 0,5%. Sömuleiðis fækkar landsbundnum umsóknum í eigu erlendra aðila um 19%. Í ársáætlun var gert ráð fyrir 4350 umsóknum og er fjöldi umsókna því nokkuð meiri en gert var ráð fyrir.

Alþjóðlegar umsóknir frá íslenskum aðilum voru 102 sem er um 7% aukning frá árinu 2006 en þá voru 95 alþjóðlegar umsóknir áframsendar til Alþjóða-hugverkastofnunarinnar, WIPO.


Vörumerkjaskráningar á árinu 2007 voru 4759, sem er 8,6% aukning frá árinu á undan en þá voru 4382 umsóknir skráðar.

Í lok árs voru 47.389 vörumerkjaskráningar í gildi hjá Einkaleyfastofunni.

Umsóknir um vörumerki árin 2005-2007



Skráð vörumerki árin 2005-2007




Meðhöndlun á vörumerkjaumsóknum var í samræmi við sett markmið. Skráningarhæf merki eru almennt birt í ELS tíðindum eftir 1-2 mánaða meðhöndlunartíma. Sá tími sem það tekur lagasvið að svara rökstuðningi umsækjanda, hvort sem um er að ræða alþjóðlegar eða landsbundnar umsóknir, er að jafnaði innan við tveir mánuðir.

Almennt úrskurðar lagasvið í andmælamálum innan tveggja vikna frá því að mál eru tilbúin til úrskurðar. Andmælamál árið 2007 voru 37 og biðu engin slík mál, tilbúin til úrskurðar, í árslok.

Áfrýjanir til Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar voru 15 talsins. Í um 70% tilvika er ákvörðun Einkaleyfastofunnar staðfest af áfrýjunarnefndinni.

Vörumerkjaumsóknir árið 2007 eftir uppruna (fleiri en 100 umsóknir pr. land)



Hönnun

Hönnunarumsóknum fækkaði um 16% frá árinu áður. Heildarfjöldi umsókna var 57 umsóknir, þar af voru 24 alþjóðlegar skráningar, 15 umsóknir frá íslenskum umsækjendum og 18 frá erlendum umsækjendum.

Í áætlun var gert ráð fyrir að hönnunarumsóknir yrðu 75 talsins. Bæði var búist við fleiri alþjóðlegum skráningum sem og innlendum umsóknum. Hönnunarumsóknum frá íslenskum umsækjendum fækkaði um 50% frá árinu áður, en fjöldi innlendra umsókna hefur verið mjög breytilegur síðastliðin ár.

Byggðamerki

Á árinu var sótt um fjögur byggðamerki og voru þau öll skráð.

Faggilding

Faggilding er mat á hæfni skoðunar-, prófunar- eða vottunarstofu til að sýna fram á samræmi vöru, þjónustu, eða verkferla við tilteknar kröfur.

Faggildingarsvið bauð á árinu upp á faggildingu skoðunarstofa vegna ökutækja, raforkuvirkja, ökurita, markaðseftirlits, sjávarútvegs, fólkslyfta, skipa, leikvalla og skemmtibáta. Vegna vöruvottunar var boðið upp á faggildingu vegna lífrænna afurða en vegna prófunarstofa var boðið upp á faggildingu vegna lögmælifræði, ósjálfvirkra voga, byggingarvara, matvæla og á heilsusviði.

Samtals voru 45 fyrirtæki faggilt með 58 faggildingar á 15 fagsviðum. Flest fyrirtæki eru með faggildingu á einu sviði en mest á 6 mismunandi fagsviðum.

Starfsmannamál

Starfsmenn voru 25 stærstan hluta ársins.

Alls hófu átta nýir starfsmenn störf á árinu. Fimm þeirra komu í stað starfsmanna sem hættu, einn var ráðinn í afleysingar vegna fæðingarorlofa og þá var bætt við tveimur nýjum störfum. Auk þessa voru ráðnir tveir starfsmenn í sumarafleysingar.

Nýju störfin voru annars vegar sérfræðingur á faggildingarsvið og hins vegar tímabundið hlutastarf við innskönnun einkaleyfa.

Tveir starfsmenn fóru í barnseignarfrí á árinu og einn starfsmaður kom til baka úr barnseignarfríi. Sviðsstjóri lagasviðs kom úr árs námsleyfi.



Frá flutningum stofnunarinnar að Engjateigi 3. F.v. Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, Auður Edda Sverresdóttir, Linda Björk Helgadóttir, Hanna Lillý Karlsdóttir, Fjóla Margrét Róbertsdóttir og Lára Helga Sveinsdóttir.

Endurmenntun

Einkaleyfastofan leggur áherslu á að starfsmenn fái tækifæri til að auka þekkingu sína og færni með ýmis konar endurmenntun.

Hér innanlands sóttu starfsmenn m.a. gæðastjórnunarnámskeið, skjalastjórnunarnámskeið, tölvunámskeið, námskeið um stjórnsýslulög og upplýsingalög, námskeið um fjármál ríkisstofnana o.fl. Hluti af endurmenntun starfsmanna fór fram í samstarfi við erlendar stofnanir.

Á vörumerkja- og hönnunarsviði sóttu tveir starfsmenn námskeið um Nice-flokkunarkerfið, alþjóðlegt flokkunarkerfi vörumerkja, sem haldið var á vegum sænsku einkaleyfastofunnar, í febrúar.

Sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs sótti alþjóðlega vörumerkja-ráðstefnu í Alicante í apríl.

Þá sótti Einkaleyfastofan fyrir námskeiði í maí í samstarfi við WIPO um Madrid kerfið, alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja. Námskeiðið sóttu allir starfsmenn vörumerkja- og hönnunardeildar.

Í júní sótti lögfræðingur ráðstefnu í Kaupmannahöfn um verðmæti vörumerkja, „The Value of Trademarks – How to manage and measure“. Þá sótti lögfræðingur námskeið um vörumerki hjá bandarísku einkaleyfastofunni, USPTO, í desember.

Starfsmenn einkaleyfasviðs sóttu ýmis námskeið á árinu. Tveir starfsmenn sóttu námskeið vegna EPTOS tölvukerfisins hjá EPO í Hollandi og rannsakandi sótti EPOQUNenet námskeið í Haag.

Þá sóttu tveir starfsmenn sviðsins PCT-námskeið á haustmánuðum, annars vegar í London og hins vegar í Osló. Jafnframt sóttu tveir starfsmenn einkaleyfasviðs ráðstefnu á vegum EPO í Riga undir yfirskriftinni „EPO Patent Information Conference 2007“.

Allir starfsmenn einkaleyfasviðs og lögfræðingar stofnunarinnar sóttu sérsniðið námskeið um breytingar á evrópska einkaleyfasamningnum, EPC 2000, sem haldið var á vegum epi, samtökum evrópskra umboðsmanna, hér á landi í ágúst. Þá sótti lögfræðingur einkaleyfasviðs námskeið hjá EPO í München um EPC 2000 í apríl.

Á rekstrarsviði fór skjalastjóri stofnunarinnar í fræðsluferð til dönsku einkaleyfastofunnar í Høje Taastrup þar sem farið var yfir ýmis mál varðandi skjalavistun, m.a. rafræna skjalavistun.

Tveir starfsmenn sem starfað hafa við tölvu- og hugbúnaðarmál, sóttu „Online Service“ ráðstefnu á vegum EPO á Ítalíu í nóvember.

Sviðsstjóri gæða- og upplýsingasviðs sótti málþing hjá WIPO um hugverkaréttindi og lítil og meðalstór fyrirtæki í OECD ríkjunum.

Starfsmaður sem annast fræðslu- og kynningarmál stofnunarinnar hélt áfram þátttöku í námskeiðaröð á vegum EPO um stuðning við nýsköpun (Innovation support). Starfsmaðurinn sótti þau fjögur námskeið sem haldin voru á árinu en þau voru haldin í Búdapest, Stokkhólmi, Lille og Bern.

Í maí sóttu forstjóri og starfsmaður einkaleyfasviðs, ásamt starfsmönnum

Upplýsingasetra um einkaleyfi, árlega ráðstefnu á vegum EPO um upplýsingasetur og einkaleyfabanka (Patlib). Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Sevilla á Spáni.

Nýr starfsmaður hóf störf á faggildingarsviði á árinu og sótti hann matsmannanámskeið hjá DANAK, dönsku faggildingarstofunni auk þess sem hann tók þátt í faggildingarmati með SWEDAC, sænsku faggildingarstofunni í starfsþjálfun sinni.

Að lokum má nefna að fyrir tilstuðlan ELS sóttu tveir íslenskir dómarar námskeið hjá EPO undir yfirskriftinni „IP training for national judges (basic)“. Námskeiðið var haldið í Warsaw í Póllandi í apríl.

Gæðastjórnun

Á árinu hófst vinna við innleiðingu gæðastjórnunarkerfis. Gengið var til samninga við ráðgjafafyrirtækið Focal um ráðgjöf við gerð verkferla og vinnulýsinga auk þess sem fest voru kaup á vefhandbók sem ætlað er að halda utan um gæðahandbók ELS.

Vinna við verkferla varðandi meðhöndlun umsókna var vel á veg komin í lok árs en umtalsverð vinna var lögð í að kortleggja og endurskoða ferli umsókna. Miklu magni af vinnulýsingum og leiðbeiningum var safnað saman frá starfsmönnum, en lögð var áhersla á að starfsmenn kæmu sjálfir að útlistun á því hvernig störf þeirra eru unnin.

Verkferlar varðandi stjórnun og stjórnunarteymi voru vel á veg komnir í lok árs, en leitast var við að kynna fullunnar verklagsreglur á starfsmannafundum eftir því sem þær litu dagsins ljós.

Tækni- og hugbúnaðarmál

Vegna ýmissa breytinga og nýrra verkefna var þörf á að festa kaup á nýjum hugbúnaði og tækjum. Á árinu var skipt um tölvupóstkerfi, farið úr Lotus í Outlook Exchange. Þessi breyting kallaði m.a. á að tekinn var í notkun nýr vefþjónn.

Einkaleyfastofan hóf á síðari hluta ársins undirbúning að innleiðingu á rafrænu skjalastjórnunarkerfi fyrir stofnunina, nánar tiltekið GoPro.net kerfið sem er heildstæð mála- og skjalastjórnunarlausn sem byggir á .Net tækni frá Microsoft. Vegna rafræna skjalakerfisins voru keyptir fjórir skannar. Innleiðingin hófst svo af krafti í lok nóvember. Rafrænt skjalastjórnunarkerfi er fyrsta skrefið í átt að því að gera Einkaleyfastofuna að pappírslausri stofnun.

Vefumsjónarkerfi og vefsíða

Einkaleyfastofan gerði samning við Hugsmiðjuna um nýtt vefumsýslukerfi á árinu. Samningurinn felur m.a. í sér afnotarétt af Eplica kerfinu og endurhönnun vefsíðu stofnunarinnar. Kerfið var einkum valið með tilliti til þeirra viðbótareininga sem eru í boði við vefumsjónarkerfið auk samþættingarlausna sem henta Einkaleyfastofunni vel.

Með nýrri vefsíðu er m.a. stefnt að:

- betri tengingum við gagnabanka stofnunarinnar til að auka aðgengi að upplýsingum og auðvelda leitir,
- eflingu enska hluta vefsíðunnar, enda er stærstur hluti viðskiptavina stofnunarinnar erlend fyrirtæki og stofnanir,
- uppsetningu á greiðslugátt þar sem umsækjendur og eigendur skráðra réttinda geta greitt tilskilin gjöld með greiðslukorti á öruggan og einfaldan hátt í gegnum vefsíðuna,
- uppsetningu vefgáttar fyrir rafrænar umsóknir um vörumerki, hönnun og einkaleyfi.

Með nýja vefsvæðinu er tryggt aðgengi þeirra sem sökum fötlunar nota sérstaka vafra.

Rafræn skjalastjórnun

Í lok árs var undirritaður samningur við Hugvit um innleiðingu á rafrænu skjalastjórnunarkerfi og hófst þá jafnframt undirbúningur að innleiðingu kerfisins. Um er að ræða GoPro.net kerfið sem er heildstæð mála- og skjalastjórnunarlausn sem byggir á .Net tækni frá Microsoft. Þar sem GoPro kerfið starfar með Outlook Exchange tölvupóstkerfinu var það, eins og greint er frá hér að framan, jafnframt innleitt í lok árs.

Innleiðing á rafrænu skjalastjórnunarkerfi er fyrsta skrefið í átt að því að gera Einkaleyfastofuna að pappírslausri stofnun.

Skönnun skjala vegna einkaleyfagagnabanka

Innskönnun á einkaleyfagögnum hófst sumarið 2007. Í byrjun júní heimsótti starfsmaður EPO stofnunina og ýtti verkefninu úr vör. Verkefnið er unnið með hug- og vélbúnaði sem EPO hefur látið stofnuninni í té. Markmiðið er að öll geymsla einkaleyfagagna verði rafræn en EPO styður verkefnið með það að markmiði að geta birt íslensk einkaleyfi í gagnagrunni sínum á netinu.

Önnur verkefni

Aðild að EPO leggur ýmsar skyldur á Einkaleyfastofuna, m.a. varðandi upplýsingagjöf um staðfestingar Evrópskra einkaleyfa héraðs og greiðslur til EPO vegna þeirra.

Gert hafði verið ráð fyrir að ELS gæti notað tölvukerfi frá Evrópsku einkaleyfastofunni en þar sem miklar tafir hafa orðið á því kerfi var nauðsynlegt að finna aðra leið. Vegna þessa var hannað, af starfsmanni ELS, kerfi til þess að halda utan um EP einkaleyfin og þær upplýsingar sem þeim fylgja. Gagnagrunnurinn, sem kallaður er EPLI, sækir upplýsingar um útgefin evrópsk einkaleyfi þar sem Ísland er tilnefnt í gagnagrunni EPO. Í EPLI eru skráðar upplýsingar um evrópsk einkaleyfi staðfest hér á landi og árgjöld greidd af þeim.

Auk ofangreindra verkefna voru smávægilegar endurbætur gerðar á vörumerkjaskrá stofnunarinnar.



Einkaleyfastofan tók þátt í sýningunni Tækni og vit 2007.

Fræðslu- og kynningarstarfsemi

Kynningarfundir og fræðsla á starfsemi ELS voru með ýmsum hætti á árinu.

Í febrúar komu laganemar frá Háskólanum á Bifröst í heimsókn í og hlýddu á fyrirlestur um einkaleyfi, vörumerki og hönnun.

ELS tók þátt í stórsýningunni Tækni og vit sem haldin var í Fífunni 8.-11. mars. Sýningin var tileinkuð tækniþróun og þekkingariðnaði þar sem yfir 100 aðilar kynntu nýjungar og þjónustu sem í boði er í hátækni- og þekkingariðnaði. Á sýningunni kynnti ELS starfsemi sína og þá möguleika sem bjóðast í vernd hugverka hér á landi sem og erlendis. Með þátttöku í sýningunni tók ELS í fyrsta skipti þátt í viðburði sem þessum og voru viðtökur gesta sem og annarra sýnenda/þátttakenda mjög góðar en alls sóttu um 15.000 manns sýninguna. Þátttakan var styrkt af Evrópsku einkaleyfastofnuninni, EPO.

Haldinn var hátíðlegur alþjóðlegur dagur hugverkaréttar sem er 26. apríl. Að þessu sinni var boðið upp á morgunverðarfund um hugverkaréttindi á Hótel Sögu. Fyrirlesarar voru Sigríður Sigurjónsdóttir frá Listaháskóla Íslands, Tatjana Latinovic frá Össuri, Snæbjörn Kristjánsson frá Rannís og Elín R. Jónsdóttir frá Einkaleyfastofnunni.

Í maí var haldið námskeið um Madrid skráningarkerfið, alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja. Fyrirlesarar voru þeir Federico Guicciardini Corsi Salviati og André Ntamack frá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf, WIPO. Námskeiðið var haldið í húsakynnum Einkaleyfastofunnar en hátt í 30 manns sóttu námskeiðið.

Nemendur úr 6. bekk í Foldaskóla í Grafarvogi komu í heimsókn í október. Foldaskóli er móðurskóli í nýsköpun og var heimsóknin á ELS liður í því að kynna nemendum þá möguleika sem bjóðast í vernd hugverka og þann ávinning sem af þeim getur hlotist. Er þetta annað árið í röð sem nemendur skólans koma í heimsókn.

Laganemar frá Háskólanum í Reykjavík sóttu ELS heim og hlýddu á fyrirlestur um einkaleyfi, vörumerki og hönnun. Þá komu meistaranemar við lagadeild Háskólans í Reykjavík einnig í heimsókn og fengu ítarlegar upplýsingar um einkaleyfarétt. Í nóvember komu framhaldsnemar við verkfræðideild Háskóla Íslands í heimsókn og hlýddu á erindi um einkaleyfi.

ELS stóð fyrir útgáfu á tveimur bæklingum á árinu, annars vegar upplýsingabæklingi um einkaleyfi og hins vegar upplýsingabæklingi um vörumerki.

Undirbúningsvinna við nýja vefsíðu hófst á árinu. Aðgengileg vefsíða með öflugri gagnvirkni getur skipt sköpum fyrir stofnun eins og Einkaleyfastofuna til að bæta þjónustu við viðskiptavinum og auka skilvirkni. Í kaflanum Tæknimál, Vefumsjónarkerfi og vefsíða er þessu efni gerð nánari skil.

Erlent samstarf

Samstarf við EPO

Umfangsmesta starfið varðandi EPO fer fram í framkvæmdaráðinu, fjármálanefndinni og tveimur fastanefndum, annars vegar er varðar lagaleg atriði og hins vegar er varðar tæknileg atriði.

Fundir í framkvæmdaráði voru í mars, júní, október og desember. Forstjóri sótti þá fundi ásamt sviðsstjóra einkaleyfasviðs eða sviðsstjóra rekstrarsviðs. Á fundi framkvæmdaráðs EPO í desember var forstjóri ELS kosin í stjórn ráðsins til þriggja ára.

Fundir í fjármálanefnd EPO voru í maí og október. Þá sótti sviðsstjóri rekstrarsviðs.

Tveir fundir voru haldnir í laganefnd EPO á árinu, í maí og september, og sótti lögfræðingur á einkaleyfadeild fyrri fundinn og sviðsstjóri lagasviðs seinni fundinn.

Tækninefnd EPO fundaði í mars og september. Starfsmaður einkaleyfasviðs sótti fyrri fundinn og sviðsstjóri einkaleyfasviðs þann seinni.

Þar sem stefnu EPO um samstarf við aðildarríki var breytt árið 2006 var þörf á að endurskoða þá samninga sem höfðu verið gerðir við Ísland. Í febrúar var fundað um þetta mál í München, frá ELS sótti forstjóri og starfsmaður einkaleyfasviðs fundinn. Meðal þess sem tók breytingum með hinni nýju stefnu var að nú er ríkjum gert að setja fram „National Action plan“ sem taka þarf mið af við ákvarðanir um samstarfsverkefni. Í október var haldinn fundur um slíkar áætlanir og gerð þeirra. Þann fund sótti starfsmaður einkaleyfasviðs.

Samningur um innleiðingu EPTOS tölvukerfisins var undirritaður í desember 2005 en vegna erfiðleika við þróun þessa verkefnis hjá EPO hefur innleiðing tafist hér á landi sem og annars staðar. Þá varð enn fremur að endurskoða samninginn vegna hinnar nýju stefnu um samstarf við aðildarríki sem að ofan var greint frá. Tveir starfsmenn frá ELS sóttu fundi og fengu fræðslu um kerfið.

Annað Evrópusamstarf

Fundir í hugverkahópi EFTA í Brussel voru haldnir í mars og nóvember. Lögfræðingur frá Einkaleyfastofunni sótti fundina. Á fundunum var m.a. rætt um aðild ESB að alþjóðlegu skráningarkerfi hönnunar, stefnu ESB í einkaleyfamálum og nýja deild sem stofnuð hafði verið innan ESB til að tryggja virk úrræði gegn eftirlíkingum og fölsuðum vörum.

Hluti af faggildingarstarfinu er samstarf sem miðar að því að samhæfa faggildingu milli landa og tryggja gæði faggildingar. Þátttaka í samstarfi innan European co-operation for Accreditation (EA) var með svipuðu sniði og áður. Auk aðalfunda EA voru sóttir fundir í fastanefnd um marghliða samninga faggildingarstofa innan EA (Multilateral Agreements Committee) og í fastanefndum um skoðun (Inspection Committee) og vottun (Certification Committee).

Norrænt samstarf

Í áraráðir hafa einkaleyfastofnanirnar á Norðurlöndum átt gott samstarf. Síðustu ár hafa Eystrasaltsríkin bæst við. Fundað er tvisvar á ári á sviði einkaleyfa og tvisvar á sviði vörumerkja og hönnunar. Þá funda forstjórar ríkjanna jafnframt tvisvar á ári.

Forstjórar funduðu í Helsinki í maí. Þá var fundur í Vilnius í september, en forstjóri ELS sótti ekki þann fund.

Norrænn vinnufundur um einkaleyfi, var í apríl á Holmenkollen þar sem m.a. var rætt um endurveitingu réttar þegar forgangsréttur glatast, árgjöld af EP-einkaleyfum sem ekki hafa verið staðfest, leiðréttingu á umsóknardagsetningu auk fastra liða s.s nýjunga frá hverju landi.

Seinni fundurinn var haldinn í október í Taastrup, en þar var m.a. rætt um EPC 2000 og breytingar því tengdar, sem og reglugerð ESB varðandi lyf fyrir börn, auk „Attorney privileges“. Sviðsstjóri einkaleyfasviðs sótti fundina en sviðsstjóri lagasviðs sat jafnframt síðari fundinn.

Samstarfshópur norrænna- og eystrasaltsríkja um vörumerki og hönnun fundaði hér á landi í mars. Sviðsstjóri sat fundina ásamt tveimur lögfræðingum.

Í september var síðan fundur í Osló, sem sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarviðs sat. Á fundunum var farið yfir túlkun og framkvæmd landanna í vörumerkja- og hönnunarmálum. Farið var yfir fyrirhugaðar breytingar á alþjóðlegum samningum, m.a. bókunina við Mardridsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja og Genfarsamninginn um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Í apríl var árlegur fundur NORDA, samvinna faggildingarstofa á norðurlöndum og í eystrasaltsríkjum, haldinn í Reykjavík. Starfsmenn faggildingarsviðs sátu fundinn.

NPI

Nordic Patent Institute, NPI, er alþjóðleg nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnun, í samræmi við ákvæði Samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) og eru Ísland, Danmörk og Noregur aðilar að stofnuninni. Stofnunin tók til starfa 1. janúar 2008.

Á árinu 2007 var lögð mikil vinna í að ganga frá öllum samningum, reglum og verkferlum til að unnt væri að hefja starfsemi NPI í janúar 2008. Skipulagning stofnunarinnar var í höndum stýrihóps og verkefnahóps auk fimm vinnuhópa, sem samanstóðu af starfsmönnum einkaleyfayfirvalda aðildarríkja.

Mikið var um fundi á árinu vegna þessa undirbúnings. Almennt fundaði hver hópur fyrir sig en í lok ágúst var fundur með öllum hópunum á Kirkjubæjarklaustri. Á þeim fundi var unnið við að samræma vinnu sem hóparnir höfðu unnið að og mótuð stefna í ýmsum málum er snúa að framkvæmd samningsins.

Í desember undirritaði NPI samning við Evrópsku einkaleyfastofnunina varðandi gjöld fyrir alþjóðlegar umsóknir sem berast frá NPI til EPO. Samningurinn felur í sér að veittar eru 890 evrur í afslátt af umsóknargjaldi til EPO ef þegar hefur farið fram rannsókn á nýnæmi uppfinningar hjá NPI.

Í desember var Niels Ravn ráðinn sem forstjóri NPI. Niels var áður sérfræðingur í alþjóðadeild dönsku einkaleyfastofunnar. Hann tók við starfinu 1. janúar 2008.



Af tilefni undirritunar samnings NPI og Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar, Jørgen Smith, forstjóri norsku einkaleyfastofunnar, Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri ELS, Alison Brimelow, forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar og Jesper Kongstad forstjóri dönsku einkaleyfastofunnar



Af tilefni undirritunar samnings WIPO og NPI sem alþjóðlegar nýnæmisrannsóknarstofnunar, Jesper Kongstad, forstjóri dönsku einkaleyfastofunnar, Francis Gurry, aðstoðarforstjóri WIPO, Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri ELS og Jørgen Smith, forstjóri norsku einkaleyfastofunnar.

WIPO

Árþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) fór fram í Genf 24. september – 3. október 2007.

Á þingi Samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) var forstjóri ELS kosin formaður til tveggja ára. Á þinginu voru talsverðar deilur um hvort hækka ætti umsóknargjöld fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir. Tvær tillögur um breytingar á gjöldunum lágu fyrir og reynt var að ná málamiðlun milli þeirra. Ekki náðist samkomulag um gjöldin og var því rekstraráætlun WIPO ekki samþykkt. Boða þurfti til sérstaks fundar í kjölfar þessa í lok mars 2008.

Á allsherjarþinginu voru ræddar ýmsar breytingar á samningum sem Ísland er aðili að. Þær breytingar sem helst varða íslenska umsækjendur eru annars vegar breyting á reglugerð PCT samningsins um viðbótarnýnæmisrannsókn og að umsækjandi geti farið fram á að alþjóðleg rannsóknarstofnun taki til greina rannsókn sem gerð hefur verið áður á sambærilegri uppfinningu, ef hann leggur jafnframt fram niðurstöður rannsóknarinnar. Þannig er unnt í sumum tilfellum að fá afslátt af alþjóðlegum rannsóknargjöldum. Jafnframt var samþykkt breytt gjaldafyrirkomulag í Genfar samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Forstjóri, sviðsstjóri lagasviðs og sviðsstjóri einkaleyfasviðs sóttu þing Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Önnur verkefni og atburðir á árinu

Uppúr skúffunum

Á árinu tók ELS í annað skipti þátt í verkefninu „Uppúr skúffunum“ sem er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Tæknigarðs, ELS og Árnason Faktor. „Uppúr skúffunum“ er hugmyndasamkeppni sem allir nemendur og kennarar Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss eða aðrir þeir sem tengjast H.Í. geta tekið þátt í.

Afhending verðlauna í samkeppninni „Upp úr skúffunum 2007“ fór fram föstudaginn 26. nóvember 2007. Athöfnin sem haldin var í Tæknigarði hófst með ávarpi Ástu Valdimarsdóttur forstjóra Einkaleyfastofunnar. Rektor Háskóla Íslands, dr. Kristín Ingólfsdóttir, afhenti höfundum þriggja tillagna viðurkenningar. Að því loknu flutti dr. Jóhann P. Malmquist úr hópi vinningshafa ávarp.

Fyrstu verðlaun komu í hlut dr. Halldórs Þormars og Hilmars Hilmarssonar B.Sc fyrir tillögu þeirra um notkun á fitusýrunni mónócaprín til þess að fást við bakteríumengun í alifuglarækt. Mónócaprín er náttúruleg sýra sem vinnur á fjölda bakteria þar með talið *Camphylobacter*. Baktería þessi er árstíðabundið vandamál hér á landi en mikið vandamál í Evrópu. Að auki felast talsverðir möguleikar í að blanda mónócaprín í hreinsiefni, sérstaklega til notkunar í matvælaíðnaði.

Dr. Sveinbjörn Gizurarson hlaut önnur verðlaun fyrir tillögu að hjálparefninu „mpeg“. Þetta er fjölliða sem nota má sem burðarefni til þess að flytja ýmis lyf gegnum slímhúðir, t.d í nefholi. Lyfjagjöf með þessum hætti er fljótverk og áhrifamikil saman borið við t.d. lyfjagjöf með inntökum. Auk þess er hægt að stýra lyfjamagni betur en með inngjöfum gegnum meltingarveg. Höfundurinn hefur lagt inn umsókn um einkaleyfi á hugmyndinni og hefur með þátttöku Háskóla Íslands gert samning um nýtingu á fjölliðunni við bandarískt fyrirtæki.

Þriðju verðlaun hlutu þeir dr. Jóhann P. Malmquist og Guðmundur F. Jónasson B.Sc fyrir tillögu þeirra um gagnvirkan gítarstilli með farsíma. Farsíminn er notaður til þess að keyra forrit, annað hvort í símanum sjálfum eða með því að hringja í númer sem ræsir forritið. Tónn frá hverjum streng er síðan greindur og borinn saman við staðlaðan tón. Með þessu móti er einnig hægt að vanstillta gítarinn í ákveðnum þrepum, annað hvort hærra eða lægra en almennt gerist.



Verðlaunahafar ásamt Rektori Háskóla Íslands, dr. Kristínu Ingólfsdóttur

ISNIC

Einkaleyfastofan átti fund með ISNIC um skráningu léna og vörumerkja á árinu. Í kjölfar fundarins var ákveðið að bæta upplýsingar á vefsíðu Einkaleyfastofunnar og ISNIC um réttaráhrif skráningar léna og vörumerkja og hvers bæri að gæta í því sambandi.

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 voru tekjur ELS ætlaðar 133,9 mkr. Gert var ráð fyrir að 122,3 mkr. yrðu innheimtar af ríkistekjum en 11,6 mkr. kæmu úr ríkissjóði vegna faggildingar.

Í samþykktri rekstraráætlun fyrir árið var hins vegar gert ráð fyrir að gjöld yrðu rúmar 189 mkr. og tekjur 172,4 mkr. Gert var ráð fyrir að mismuni milli tekna og gjalda, 16,6 mkr. yrði mætt með því að nýta höfuðstól.

Ársreikningur

Tekjur á árinu urðu 170 mkr. sem er 2 mkr. lægra en gert var ráð fyrir í áætlun og 9% lækkun tekna frá árinu 2006. Tekjur af leyfisgjöldum voru 160,8 mkr. og sértekjur voru 9,3 mkr. Sértekjur eru að mestu vegna endurgreidds ferðakostnaðar og endurgreiðslu verkefna í samstarfi við Evrópsku einkaleyfastofnunina.

Þá var ríkisframlag vegna faggildingar á árinu 12,9 mkr.

Gjöld námu 209,6 mkr. sem er 20,6 mkr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Launagjöld námu rúmum 139 mkr., önnur rekstrargjöld rúmar 64,1 mkr. og eignakaup 6,5 mkr.

Gjöld voru 26,6 mkr. umfram tekjur á árinu.

Samanburður og skýringar á helstu frávikum

Pegar bornar eru saman tölur í áætlun og rauntölur, eru tekjurnar aðeins lægri en gert var ráð fyrir, hins vegar eru gjöldin töluvert hærri en áætlað var.

Niðurstaða ársins 2007 er að neikvæður mismunur tekna og gjalda nemur 26,6 mkr. Í áætlun var gert ráð fyrir að rekstrarafkoma yrði neikvæð um 16,6 mkr. og að nýta þyrfti hluta höfuðstóls vegna þess.

Frávik í tekjum eru aðeins 2 mkr. Þau frávik skýrast að mestu af því að nokkuð færri EP einkaleyfi voru staðfest hér, en áætlað var.

Frávik varðandi gjöld skýrast aðallega af hærri launakostnaði á árinu. Starfsmannabreytingar voru þó nokkrar á árinu og fór nokkur tími fráfarandi starfsmanna í að leiðbeina nýjum starfsmönnum sem felur í sér aukinn kostnað.

Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu var jafnframt nokkuð hærri en áætlað var sem m.a. kom til vegna hærri leigugjalda af keyptum hugbúnaði á árinu. Þá höfðu opinber gjöld vegna kaupa á húsnæði s.s. þinglýsingargjöld, ekki verið tilgreind í áætlun.



Einkaleyfastofan